Ljóðræn vitund



Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Við hér heima á Fróni þekkjum **Nínu Gautadóttur** fyrst og fremst sem vefjarlistakonu í ljósi tveggja sýninga, sem hún hefur haldið hérlendis. Hina fyrri að Kjarvalsstöðum árið 1980, en hina síðari í Listmunahúsinu árið 1983.

Vefnaður hennar var grófgerður og byggðist mikið til á hvers konar hnýtingum, svo sem mikið hefur verið af meðal veflistarkvenna á framúrstefnujaðrinum undanfarna áratugi.

Við vissum, að verk Nínu á þessu sviði höfðu vakið athygli á sýningum í París og víðar, en hún hefur lengi verið búsett í heimsborginni, numið þar og unnið að list sinni.

Í upphafi þessa áratugar fluttist Nína með fjölskyldu sinni til Niger í Afríku, dvaldi þar í tvö ár, en hélt svo aftur til Parísar, þar sem hún dvaldi næstu tvö árin, en fluttist svo aftur til Afríku og í þetta skipti til Kamerún.

Ef til vill hafa þessir stöðugu flutningar átt sinn þátt í því, að Nína söðlaði yfir í málverkið, sem auðveldara er að flytja á milli landa en fyrirferðarmikinn vefnaðinn. Það verður þó einnig að taka með í reikninginn, að Nína lauk burtfararprófi í málaralist frá Fagurlistaskólanum í París eftir fimm ára nám árið 1976. Þannig kann hún að hafa borið í sér löngun til að takast á við pentskúf og liti þó að hún væri upptekin af veflistinni um skeið.

Hvað sem öðru líður, þá sýnir listakonan rúmlega 40 myndir í eystri gangi Kjarvalsstaða fram til 19. maí.

Nína virðist um margt hafa aðra afstöðu til hins tvívíða málverks en veflistarinnar, þar sem fram kemur svipur lágmyndarinnar og hins þrívíða sviðs. Og þó kennir maður skyldleika, sem kemur fram í grófleika áferðarinnar og meðhöndlun litanna, en hér gætir tilhneigingar til hins skreytikennda. Litirnir í sumum málverkunum virka þannig nokkuð sætir, einkum þá er gerandinn notar óspart hinn rauðfjólubláa lit, svo að hann nálgast hættumörk væmninnar.

Þetta er það sem ég helst finn að á sýningunni og blasir raunar við skoðandanum, er hann nálgast hana, þannig að hætta er á að hann fái hér ranghugmyndir. Það vill svo til, að sýningin vinnur á við nánari skoðun, því að nóg er af myndum innar í ganginum og á flekum þar sem þetta á ekki við.

Vil ég einkum vísa til mynda eins og „Skammdegi“ (II), „Fossbúi“ (35), „Vatnaspegill“ (34 og 35) svo og „Veturnótt“ (38).

Í öllum þessum myndum er Nína í góðu sambandi við hin ýmsu fyrirbæri náttúrunnar, sem maður skynjar ósjálfrátt, enda þótt myndirnar séu mjög huglægar í útfærslu. Nína virðist nefnilega að jafnaði styðjast við beina sjónreynslu sína úr ríki náttúrunnar.

Málverkin munu flest eða öll vera máluð á þessu ári og vinnubrögðin eru hröð og ákveðin, — myndmálið sver sig í ætt við ljóðræna abstraksjón og er á engan hátt frumlegt, þótt höfundareinkenni komi glöggt fram — sem er aðalatriðið.

Hér væri mögulegt að nefna áhrif frá ýmsum málurum og þá einkum í þeim myndum, þar sem fram kemur vatnaliljuform — en ætli það sé ekki fjarska erfitt að mála á þennan hátt, án þess að það minni á meistarann í Giverny . . .

Á heildina litið er þetta eftirtektarverð frumraun.

Hinn norræni tónn



Sigrún Eðvaldsdóttir

Tónlist

Egill Friðleifsson

Háskólabíói 10. maí '86.
Efnisskrá: Verk eftir H. Alfvén, C. Sinding, Skúla Halldórsson, Jón Ásgeirsson, E. Grieg, Pál Ísólfsson og J. Sibelius.

Það er vor í lofti. Sólin skín gladlega dag eftir dag, lóan kvakar í mó og sl. laugardag fóru fram í Háskólabíói síðustu helgartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á efnisskránni voru eingöngu norræn verk og veitir sjálfsagt ekki af að hressa upp á norræna samvinnu svona fyrir sumarið. Reyndar voru Danir fjarri góðu gamni og áttu þarna engan fulltrúa. En hvort sem það var nú góða veðrinu eða efnisskránni um að kenna var fátt á tónleikunum, sem var í öfugu hlutfalli við tilstandið, því auk hljómsveitarinnar voru mættir til leiks tveir fílefldir karlakórar auk tveggja einsöngvara og einleikara. Raunar er dræm aðsókn í maí engin ný frétt og má það fremur kallast regla en undantekning.

Tónleikarnir hófust með sænskri rapsódíu „Midsommarvaka“ eftir Hugo Alfvén, sem er eitt af hans þekktustu verkum. Það er aðgengilegt og gamansamt, að mestu byggt upp á alkunnum þjóðlögum. Og þó blásararnir virkuðu dálítið þungir í upphafi og strengirnir sárir, tókst stjórnandanum, Páli P. Pálssyni, brátt að mana menn sína til átaka svo úr varð ágætt eyrnagaman.

Þá heyrðum við svítu fyrir fiðlu og hljómsveit í þremur þáttum eftir Christian Sinding. Það var notalegt að vera minntur á að Norðmenn hafa átt tónskáld sem samið hefur vitræna músík, eftir Gleðibankafárið mikla í Bergen, þar sem lágkúrulegt iðnaðarpoppið birtist í sinni nöturlegustu mynd. Þar var mikill hávaði af litlu tilefni. Það er merkilegt með stöfnun eins og sjónvarpið, sem sífellt barmar sér undan féleysi, skuli vera tilbúið að eyða milljónum á milljónir ofan í annað eins fánýti, sem engu máli skiptir og ekkert skilur eftir. Án þess að tapa þræðinum skal þess getið að það var Sigrún Eðvaldsdóttir sem fór með einleikshlutverkið í svítunni. Sigrún vakti kornung á sér athygli fyrir óvenju fágaðan og glæsilegan fiðluleik og er enn í stöðugri framför.

Þrátt fyrir ungan aldur hika ég ekki við að telja Sigrúnu nú þegar í allra fremstu röð íslenskra fiðluleikara. Þessi svíta er e.t.v. ekki sérlega merkileg músík, en þeim mun athyglisverðari var túlkun Sigrúnar. Hún lék af innlifun og öryggi og má mikið vera ef hennar bíður ekki glæst framtíð sem fiðluleikara.

Skúli Halldórsson samdi kantötuna „Pourquoi-pas?“ við ljóð Vilhjalms frá Skálholti fyrir rúmum aldarfjórðungi en hljómar nú í fyrsta sinn á tónleikum. Þetta verk er hvorki betra né verra en aðrar tónsmíðar Skúla. Hljómsveitarútfærslan er ákaflega einföld og kórsatsinn fylgir hefðbundinni forskrift. Oft hefur Skúla þó tekist að semja betri laglínur en birtist í þessu verki, og ég held það hafi verið misráðið að láta sópraninn syngja með í lokahendingunum, því hún er með öllu kaffærð af hljómsveit og kór. Í verkinu má finna þó nokkur dramatísk átök og hljómar á köflum þokkalega.



Sigríður Gröndal

Sigríður Gröndal söng sópraninn. Hlutverk hennar er ekki stórt, en hún gerði því góð skil og er í greinilegri framför. Kórhlutverkið var í höndum Karlakórs Reykjavíkur sem heldur upp á sextugsafmæli sitt um þessar mundir. Þrátt fyrir sín sextíu ár er engin ellibragur á söng kórsins, þvert á móti. Þeir voru hinir hressustu og sungu frísklega undir öruggri stjórn Páls. Fréttst hefur að kórinn sé á leið til Frakklands með þetta verk ásamt höfundi. Héðan fylgja þeim bestu óskir um árangursríka ferð.

Eftir hlé heyrðum við svo Þjóðvísu Jóns Ásgeirssonar, hressilegt verk með sterkum þjóðlegum blæ. Þá kom „Landkjending“ eftir Grieg, flutt af Karlakór Reykjavíkur, Fóstbræðrum og Kristni Hallssyni auk hljómsveitarinnar. Þeir sem sífellt eru að halda því fram að karlakórar heyri helst sögunni til hefðu bara átt að heyra þessa tvo ágætu kóra stilla saman strengi sína. Þeir sungu af reisn og krafti, enda mjög vel tekið af áheyrendum, sem þó voru ekki margir eins og fyrr er getið. Kristinn Hallsson stóð að sönnu vel fyrir sínu. Við heyrðum einnig kórana og hljómsveitina flytja „Brennið þið vitar“ eftir Pál Ísólfsson og „Finlandia“ eftir Sibelius með glæsibrag. Þannig lauk helgartónleikasyrpu Sinfóníuhljómsveitar Íslands að þessu sinni.

Að lokum langar mig að minnast lítillega á efnisskrána sem gefin er út með hverjum konsert. Oft hafa skrif þau sem þar birtast vakið furðu mína og fjallar á stundum mest lítið um þau verk sem verið er að flytja, heldur eitthvað allt annað. Þó keyrði um þverbak í þetta sinn. Það var ekki minnst einu orði á Grieg eða verk hans „Landkjending“. Þetta er atriði sem stjórn hljómsveitarinnar þyrfti að huga að og gera á bragarbót.

Ertu farin(n) að ryðga svolítið í enskunni?

Þarftu að auka orðaforðann — æfa talmálið — eða bæta við leskunnáttuna? Hvernig væri að nota sumarleyfið til menntunar — jafnt sem hvíldar og skemmtunar?

ENSKA RIVIERAN — TORQUAY

The Torbay School of English, sem er viðurkenndur af British Counsil, er lítill og vinalegur skóli er leggur áherslu á persónulega leiðsögn og að sinna þörfum hvers nemanda. Á sumarnámskeiði skólans er aðeins kennt fyrir hádegi, 20 kennslustundir á viku. Einstaklingar eða hópar, sem þess óska, geta fengið sérkennslu (einn nemandi í kennslu).

Sumarnámskeið kostar aðeins kr. 4.080 á viku.
Leitið upplýsinga.
Við bjóðum fleiri valkosti.
Skólinn er skammt frá gististöðum ÚTSÝNAR í Torquay.

Austurstræti 17
sími 26611

Ferðaskrifstofan ÚTSÝN



ENSKA RIVIERAN ER FALLEG — SKEMMTILEG — ÓDÝR